



ERUM VIÐ VIÐBÚIN?


Samantekt vegna óveðurs 2019-2020.

ÚTDRÁTTUR

Samantekt á getu innviða á Suðurnesjum til að takast á við áskoranir sem koma upp þegar óveður geysa.

Berglind Kristinsdóttir

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum





Innihald

Inngangur	2
Suðurnesjalína 2.....	3
Símkerfi	5
Reykjanesbrautin	5
Sveitarfélagið Vogar	6
Reykjanesbær.....	7
Suðurnesjabær	8
Grindavíkurbær	9
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	11
Almannavarnir Suðurnesja.....	12



Inngangur

Tölvupóstur barst til landshlutasamtaka sveitarfélaganna frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu þann 19. desember 2019 þar sem óskað var eftir upplýsingum í kjölfar óveðurs sem geysaði um hluta landsins í desember s.l.

Í honum kom fram að á fundi ríkisstjórnar þann 13. desember síðastliðinn var skipaður áttaktshópur fimm ráðuneyta sem hefur það hlutverk með höndum að koma tillögur um eflingu innviða í flutnings- og dreifikerfi raforku, fjarskiptum, samgöngum og byggðamálum til skemmri og lengri tíma.

Áttaktshópurinn hefur þegar hafið störf og hyggst vinna hratt og vel að öflun upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að hægt verði að móta tillögur til ríkisstjórnar. Hópurinn mun hvorki leggja mat á tjón vegna óveðursins og né rannsaka hvað fór úrskeiðis.

Til að tryggja að hægt sé að vinna að tillögum er nauðsynlegt að afla upplýsinga frá sem flestum aðilum sem hafa hlutverki að gegna, búa yfir gagnlegum upplýsingum og ábendingum og geta hjálpað til við vinnu starfshópsins. Það á sérstaklega við aðila sem hafa lögbundið hlutverk við uppbyggingu og rekstur innviða og öryggiskerfa, sem reyndi á í óveðrinu. Það á einnig við um sveitarfélög, sem og félagasamtök og fyrirtæki.

Því er óskað greinargerðar frá landshlutasamtökum um eftirfarandi þætti.

1. Mat á því hvernig fyrirtæki og stofnanir sem reka mikilvæga innviði voru undirbúin fyrir óveðrið, hvernig unnið var í samræmi við viðbragðsáætlanir, hvernig til tókst að framfylgja viðbragðsáætlun, almennt mat á því hvað betur hefði mátt fara og fyrirhugaðar aðgerðir í framhaldi af því.
2. Leggja mat á tiltækt varaafli í landshlutanum og stýringu þess við aðstæður eins og sköpuðust. Tillögur til úrbóta.
3. Mat á samspili kerfa við aðstæður sem þessar, t.d. hversu háð fjarskiptakerfi eru raforkukerfum.
4. Tillögur um aðgerðir til að efla viðbúnað og viðbragð, svo sem mannafla, tækjakost, stjórnun aðgerða, samskipti og upplýsingagjöf. Er nægilegur mannafla til staðar á þeim stöðum þar sem tæki og innviðir brugðust, og er tækjakostur fullnægjandi og aðgengilegur.
5. Tillögur um aðgerðir sem styrkja innviði í byggðakjörnum og hinum dreifðu byggðum til langs tíma, svo sem fjárfestingar. Ábendingar um einstakar aðgerðir og umbótaverkefni sem nauðsynlegt er að ráðast í svo grunninnviðir séu betur í stakk búnir til að mæta slíku áhlaupi næst og samfélagslegt tjón þannig lágmarkað.
6. Ábendingar um hvernig gengið hefur að koma mikilvægum framkvæmdum í gegnum leyfisveitingarferli og stjórnáslu undanfarin ár, nefna t.d. raunveruleg dæmi og tímalínur. Tillögur um aðgerðir sem miða að því að stuðla að skilvirku regluverki og stjórnáslu ríkis og sveitarfélaga varðandi framkvæmdir í flutnings- og dreifikerfi raforku.
7. Aðrar aðgerðir sem skipta máli varðandi eflingu innviða og öryggi íbúa landsins.

Suðurnesin sluppu við veðurofsann í desember en fengu sinn skref í janúar mánuði 2020.

Meðfylgjandi er samantekt á helstu punktum frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.


Samantektin tekur ekki á þeirri ógnun sem Suðurnesin búa við sökum hættu á jarðskjálftum og eldgosi en það efni væri nóg til að fylla skýrslu eitt og sér.



Suðurnesjalína 2

Undirbúningur fyrir Suðurnesjalínu 2 hófst árið 2006. Gert var ráð fyrir því að árið 2013/2014 væru öll leyfi komin í hús og hægt væri að hefjast handa við framkvæmdir.

Yfirlit yfir undirbúning Suðurnesjalínu 2



V VIRÐING
 + SAMVINNA
 □ ÁBYRGÐ

Framkvæmdir hófust við Suðurnesjalínu 2 hófust 15.mars 2016 í landi Hafnarfjarðar.

Hinn 12. maí 2016 ógilti meirihluti Hæstaréttar ákvarðanir iðnaðar- og viðskiptaráðherra frá 24. febrúar 2014 um að heimila Landsneti að framkvæma eingarnám til afnota tiltekinna landsréttinda fimm jarða. Með dómi þann 13.október 2016 ógilti Hæstiréttur leyfi Orkustofunnar vegna Suðurnesjalínu 2. Dómarnir eru byggðir á sömu forsendum. Loks ógilti Héraðsdómur Reykjaness framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Voga vegna lagningar Suðurnesjalínu 2. Fleiri kærsmål voru vegna línunnar og að lokum var gerð krafa um að Landsnet færi af stað með allt ferlið aftur.



Suðurnesjalína 1 er bæði fullnýtt og orðin gömul. Meðfylgjandi frétt er að finna frá árinu 2015 en hún sýnir að það þurfi ekki mikið óveður til þess að allur Reykjaneskaginn sé án rafmagns. Ekki verður hægt að færa rök fyrir því að það sé ásættanlegt m.a. vegna þess að alþjóðarflugvöllur landsins er staðsettur á Reykjaneskaganum.

VÍ VÍKURFRÉTTIR

Fréttir Mannlíf Íþróttir Viðskipti Aðsent Sjónvarp Ljósmyndavtur Smáauglýsingar Kylling

06.02.2019 16:00

Járnplatan í höfuborgarsvæðinu á Fíljum. VF-myndir: Hilmar Rasmússon

Sjónvarp: Járnplata olli rafmagnsleysi í um tvo tíma

Í samantekt Landsnets frá árinu 2016 segir m.a.:

„Raforkuflutningur til og frá Suðurnesjum hefur breyst mikið á síðasta aldarfjórðungi. Fram til ársins 2005 var raforka flutt frá höfuðborgarsvæðinu til Suðurnesja en síðasta áratug hafa verið verulegir flutningar á raforku frá Suðurnesjum inn á höfuðborgarsvæðið samhliða aukinni vinnslu á svæðinu.

Á Suðurnesjum er útlit fyrir að eftirspurn eftir raforku muni aukast hraðar en annars staðar á landinu. Stafar það m.a. af áformum um aukna raforkunotkun gagnavera á Suðurnesjum, auknum umsvifum á Keflavíkurflugvelli og örari fólksfjölgun. Öll sú aukning var ekki að fullu ljós við gerð raforkuspár og var ekki byggt á þeim forsendum í spánni Landsnet telur að miðað við áform á svæðinu vegna gagnavera, þurfi að auka mögulega raforkuafhendingu um 70 MW á allra næstu misserum.

Samkvæmt raforkuspá verður notkun á Suðurnesjum 120 MW árið 2020 og ef bætt er við fyrrnefndri aukningu gangavera sem eru utan raforkuspár verður notkun 190 MW.

Verði af þessum áformum, eins og allt útlit er fyrir, mun uppbygging orkufrekrar starfsemi á Suðurnesjum ekki verða möguleg án þess að til komi styrking raforkuferfisins á milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins“.



Símkerfi

Á hluta Reykjanesbrautarinnar (við Hvassahraun og Strandaheiði) dettur farsímasamband út. Einnig er stór hluti Suðurstrandavegar símasambands laus. Suðurstrandavegur er afar mikilvægur. Ef til kemur að Hellisheiði eða Þrengsli lokast er hann eina tenging Suðurlandsins við Suðvestur hornið. Í vetur hafa komið upp nokkuð mörg tilfelli þar sem vegurinn hefur verið lífæði bæði með tilliti til flutninga á fólki en einnig á vörum.

Reykjanesbrautin

Í frumvarpi að nýrri samgönguáætlun 2020-2034 er ekki gert ráð fyrir markverðum framkvæmdum fyrr en á árunum 2025-2029 þegar farið verður í tvöföldun frá Fitjum að Rósaselstorgi og breikkun aðskilnað akstursteftna við Krísuvíkurveg - Hvassahraun. Dauðaslys var á kaflanum Krísuvíkurvegur-Hvassahraun í þessum mánuði og í óveðrinu sem gekk yfir Reykjaneskagann í þessum mánuði urðu aðstæður þannig að mikið umferðaröngbveiti myndaðist frá Fitjum upp í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Betur fór en á horfist í þeim aðstæðum en kanadísk flugvél að nauðlenda með farþega í hjartastoppi. Ekki var hægt að ná opna vélina sökum óveðurs en gripið var til þess ráðs að setja hana inn í flugskýli 831, sem er í umsjón Landhelgisgæslu Íslands. Illa gekk að ná í farþegan og koma honum á sjúkrahús sökum þess að sjúkraflytningabifreið átti erfitt að komast upp á flugvöll. Að lokum var gripið var til þess ráðs að aka innan flugvallar til að ná til sjúklings.

Einnig fékk farþegi sem staddur var í Flugstöð Leifs Eiríkssonar hjartaáfall en starfsfólk FLE brást við og notaði hjartastuðtæki til að koma honum aftur í gang.

amanna þegar sett var upp í stærsta fjöldahjálparstöð í Keflavík og það hefur síðan í Vestmannaeyjar- og björgunarsveitarfólk og á hönd á plóginn svo hægt ysa fólkid sem komst ekki í það átti pantad. til leiðir til að leysa þennan m er stór eins og kom ber- í þessu óveðri. Við munum þveður og þess vegna þarf eitthvað röttækt og koma samgöngubótum í gegn na en strax! Um það eru allir nema kannski þingheimur m hefur tafði þetta mál.

ingur, Reykjanesbraut lokaðist milli Þjóðbrautar í Reykjanesbæ og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Þriggja kílómetra bílalest myndaðist þegar ástandið varð blint í skafrenningi og bílar tóku að festast og aka út af. Fjöldi flugvéla lenti á Keflavíkflugvelli þar sem farþegar þurftu að bíða klukkustundum saman eftir því að komast frá borði. Þá gátu aðrir farþegar ekki yfirgefið landið. Nokkrir höfðu fest sig á Reykjanesbrautinni í nágrenni flugstöðvarinnar og tóku þá röngu ákvörðun að ætla að reyna að ganga í hriðinni í flugstöðina til að ná flugi sem hafði verið aflýst vegna veðurs.

Allar björgunarsveitir á Suðurnesjum voru kallaðar út til aðstoðar í veðrinu og fjöldahjálparstöð var opnuð í íþróttahúsi Keflavíkur þar sem um 180 manns gistu aðfararnótt mánudags.

Þar sem ógreiðfært var í Flugstöð Leifs Eiríkssonar (FLE) þurfti sjúkrahúsið frá Brunavörnum Suðurnesja að fara óhefðbundna leið þegar farþegi í flugstöðinni fékk hjartaáfall. Sjúkrabíllinn fór í gegnum hlið á Ásbrú og þaðan var rudd leið eftir þjónustuvegi að FLE. Starfsfólk í FLE notaði hjartastuðtæki og kom lífi í farþegann. Hann var svo fluttur með sjúkrahúsi til Reykjavíkur og fór snjóplogur á undan sjúkrahúsinu til að tryggja að hann kæmist um Reykjanesbrautina sem var lokað vegna bæði ófærðar og banáslýss sem varð við Straumsvík.

SPURNING VIKUNNAR

Líkaði greinilega vel móttökur viðbragðsaðila í Reykjanesbæ

„Í nótt var ekki rétti tíminn til að spyrja ferðalangana *How do you like Iceland?* en þeim líkaði greinilega vel móttökur viðbragðsaðila í Reykjanesbæ,“ skrifaði Hannes Friðriksson, formaður Rauða krossins á Suðurnesjum, á fésbókina eftir að síðustu ferðamennirnir yfirgáfu íþróttahúsið í Keflavík á mánudagsmorgun. Um 180 ferðamenn gistu í fjöldahjálparstöð í íþróttahúsinu um nóttina vegna ófærðar og röskunar á samgöngum. Í færslunni þakkar hann bæjarstjóra Reykjanesbæjar, lögreglu, björgunarsveitum, sjálfboðaliðum og starfsmönnum flugþjónustufyrirtækja fyrir sitt framlag „sem er jú grunnurinn að því að þrátt fyrir erfiða stöðu fara ferðalangarnir þokkalega ánægðir frá Reykjanesbæ,“ skrifar Hannes.

Úr fjöldahjálparstöðinni í íþróttahúsinu í Keflavík á mánudagsmorgun. VF-mynd: Páll Ketilsson

Íceland störf
Við le ástríc
Umsa undir
Unnik októtt

Að þessu sögðu er mikilvægt að ljúka við tvöföldun Reykjanesbrautar sem fyrst út frá öryggissjónarmiðum.



Sveitarfélagið Vogar

Óskað var eftir upplýsingum frá Sveitarfélaginu Vogum þar sem óskað var eftir því að leitast yrði við að svara þeim spurningum sem sendar voru til landshlutasamtakanna. Meðfylgjandi svör bárust frá bæjarstjóra Sveitarfélagsins Voga, Ásgeiri Eiríkssyni.

1. Undirbúningur fyrir óveðrið fólst fyrst og fremst í því að starfsmenn Umhverfiseildar sveitarfélagsins voru á varðbergi og fylgdust með eftir því sem veðrið gekk yfir. Þetta sneri einkum að höfninni, hvort hætta væri á foktjóni sem og að fylgjast með færð og bregðast við ef þörf krefur. Einnig var samstarf við björgunarsveitina á staðnum, sem var í viðbragðsstöðu.
2. Sveitarfélagið hefur ekki yfir varaafli að ráða. Rætt hefur verið um að sveitarfélagið komi sér upp færanlegri varaafstöð, og útbúa jafnframt tengingar við húsnæði grunnskólans, sem er skilgreind sem fjöldahjálparstöð ef til kemur.
3. Sveitarfélagið hefur ekki önnur fjarskipti á sínum vegum en síma og farsíma.
4. Sveitarfélagið reiðir sig á samhæfða stjórnun almannavarna í landshlutanum, komi til vár. Mannafli er til staðar hjá umhverfiseild, og sveitarfélagið er þokkalega tækjum búið, einkum til snjómoksturs.
5. Mikilvægt að fjárfesta í varaafli, einnig mikilvægt að fjarskipti verði eflað þannig að unnt sé að halda uppi samskiptum þótt síma- og farsímasamband rofni.
6. Afhendingaröryggi raforku er ábótavant í landshlutanum. Landsnet hefur án árangurs reynt í mörg ár að hefja framkvæmdir við Suðurnesjalínu 2, sem enn hefur ekki tekist. Sú staðreynd að aðilar eru ósammála um hvort línan skuli vera loftlína eða jarðstrengur veldur því að málið þvælist ár eftir ár í kerfinu án þess að niðurstaða náist.
7. Stuðningur við lagningu ljósleiðara í dreifðar byggðir er virðingarvert framtak. Stjórnvöld eru hvött til að veita meira fjármagni til þessara framkvæmda, einkum þar sem aðstæður til lagningar ljósleiðarans eru erfiðar og kostnaðarsamar.



Reykjanesbær

Sviðstjóri Skipulagssviðs Reykjanesbæjar Guðlaugur Helgi Sigurjónsson (GHS) fór yfir þær spurningar sem sendar voru inn og svaraði þeim út frá sjónarhóli skipulags- og umhverfissviðs.

1. Mat á því hvernig fyrirtæki og stofnanir sem reka mikilvæga innviði voru undirbúin fyrir óveðrið, hvernig unnið var í samræmi við viðbragðsáætlanir, hvernig til tókst að framfylgja viðbragðsáætlun, almennt mat á því hvað betur hefði mátt fara og fyrirhugaðar aðgerðir í framhaldi af því.
Sv. ghs: Þetta ætti að koma frá HS Orku/Veitum ef horft er til orku eingöngu.
2. Leggja mat á tiltækt varaafli í landshlutanum og stýringu þess við aðstæður eins og sköpuðust. Tillögur til úrbóta.
Sv. ghs: Isavia, HS Orka, Hs Veitur vinni sameiginlegt mat.
3. Mat á samspili kerfa við aðstæður sem þessar, t.d. hversu háð fjarskiptakerfi eru raforkukerfum.
Sv.ghs:Hugsað til alþjóðaflugvallarins, en hann leggst niður án rafmagns, en auðvitað keyrður með varaafli. Allar meiriháttar stofnanir, sjúkrahús, slökkvistöð, almannavarnir eru / ættu að vera á varaafli.
4. Tillögur um aðgerðir til að efla viðbúnað og viðbragð, svo sem mannafla, tækjakost, stjórnun aðgerða, samskipti og upplýsingagjöf. Er nægilegur mannafla til staðar á þeim stöðum þar sem tæki og innviðir brugðust, og er tækjakostur fullnægjandi og aðgengilegur.
Sv.ghs: tel svo vera en það þarf sannarlega samhæfa þann mannafla að mínu mati. Þarf að vera öruggt hvaða starfsemi er háð rafmagni og hvernig verður brugðist við ef sú starfsemi er án rafmagns í langan tíma.
5. Tillögur um aðgerðir sem styrkja innviði í byggðakjörnum og hinum dreifðu byggðum til langs tíma, svo sem fjárfestingar. Ábendingar um einstakar aðgerðir og umbótaverkefni sem nauðsynlegt er að ráðast í svo grunninnviðir séu betur í stakk búnir til að mæta slíku áhlaupi næst og samfélagslegt tjón þannig lágmarkað.
Sv. ghs: Suðurnesjalína II verður að fara komast til framkvæmda. Það er ótækt að 25 þús manna atvinnusvæði með alþjóðaflugvöll búi við svona afhendingaróöryggi.
6. Ábendingar um hvernig gengið hefur að koma mikilvægum framkvæmdum í gegnum leyfisveitingarferli og stjórnáslu undanfarin ár, nefna t.d. raunveruleg dæmi og tímalínur. Tillögur um aðgerðir sem miða að því að stuðla að skilvirku regluverki og stjórnáslu ríkis og sveitarfélaga varðandi framkvæmdir í flutnings- og dreifikerfi raforku.
Sv. ghs: Það þarf auðvitað að vanda alla undirbúningsvinnu. Setja meginflutningslínur/strengi í landskipulag og þar þyrfti öryggi að ná ofar en landamál. Kærumál þyrfti að afgreiða á fyrri stigum. Og svo er spurning hvort ath þyrfti hver getur kært og á hvaða forsendum.
7. Aðrar aðgerðir sem skipta máli varðandi eflingu innviða og öryggi íbúa landsins.
Sv. ghs: Gera rammaáætlun sem þolir kosningar og breytingar á þingmeirihluta. Þessi áætlun þarf svo að fara í landsskipulag og svo aðalskipulag sveitarfélaga.

Að lokum þetta rétt er að benda á að nær öll húshitunn á Suðurnesjum er háð rafmagni líka þar sem flest kerfi eru á varmadælum. Það gæti því orðið mjög kalt í húsum ef rafmagn færi af í langan tíma.



Suðurnesjabær

Óskað var eftir upplýsingum frá Suðurnesjabæ þar sem óskað var eftir því að leitast yrði við að svara þeim spurningum sem sendar voru til landshlutasamtakanna. Meðfylgjandi svör bárust frá bæjarstjóra Suðurnesjabæjar, Magnúsi Stefánssyni.

Mesti veikleiki Suðurnesja felst í hve afhendingaröryggi raforku inn á svæðið er ótryggt. Í óveðri má lítið út af bera til þess að rof verði í raforkuflutningi, þar sem aðeins ein lína ber raforku sem berst inn á Suðurnes. Það er nánast lífsspursmál fyrir Suðurnesin að sem allra fyrst komist í gagnid önnur flutningslína raforku. Sem betur fer varð ekki rof í raforkuflutningi inn á Suðurnesin í óveðrinu sem gekk yfir fyrir nokkrum dögum, en varað hafði verið við að slíkt gæti mögulega orðið.

Varðandi ótryggt afhendingaröryggi raforku til Suðurnesja, þá veldur það einnig ákveðnum áhyggjum er varðar fjarskiptakerfin ef upp kemur rof á afhendingu sem veldur rafmagnsleysi á svæðinu. Einnig myndi rof á afhendingu raforku, sem myndi valda rafmagnsleysi, hafa áhrif á afhendingu á heitu vatni til húshitunar á svæðinu.

Í óveðrinu sunnudaginn 12.janúar 2020 voru allir vegir til og frá byggðakjörnunum í Suðurnesjabæ lokaðir. Við slíkar aðstæður eru byggðakjarnarnir einangraðir og þá koma upp spurningar um það hvernig viðbrögð yrðu ef t.d. kæmi upp eldsvoði, slys eða veikindi sem kalla á sjúkraflutning eða læknaaðstoð. Engin heilbrigðisþjónusta er í hvorugum byggðakjarnanum. Að vísu eru Brunavarnir Suðurnesja með aðstöðu í Sandgerði, en að öðru leyti hafa Brunavarnir Suðurnesja takmarkað viðbragð í Suðurnesjabæ.

Þann 12.janúar 2020 lokaðist Reykjanesbrautin, alla leið frá höfuðborgarsvæðinu og í flugstöð. Að hluta til kom það til vegna umferðarslyss á þeim hluta Reykjanesbrautar sem eftir er að tvöfalda, sem sýnir fram á nauðsyn þess að ljúka sem allra fyrst framkvæmdum við tvöföldun vegarins. Hins vegar mynduðust vandræði á leiðinni frá Rósaselstorgi til flugstöðvar, sem kom til vegna óveðurs og ófærðar. Í því tilviki þarf að huga betur að umferðarstjórnun og vetrarþjónustu Vegagerðarinnar.



Grindavíkurbær

Meðfylgjandi upplýsingar bárust frá Grindavíkurbæ en greinargerðina vann Atli Geir Júlíusson, sviðstjóri skipulags- og umhverfissviðs hjá Grindavíkurbæ. Meðfylgjandi svör eru í sömu röð eins og spurningar voru settar upp frá ráðuneyti.

1. Mat á því hvernig fyrirtæki og stofnanir sem reka mikilvæga innviði voru undirbúin fyrir óveðrið, hvernig unnið var í samræmi við viðbragðsáætlanir, hvernig til tókst að framfylgja viðbragðsáætlun, almennt mat á því hvað betur hefði mátt fara og fyrirhugaðar aðgerðir í framhaldi af því.

AGJ: HS orka og veitur rekar þá innviði sem skipta mestu máli, snertir þá kannski hvað mest. Hitaveitan er með tank við Þorbjörn sem sennilega myndi skaffa heit vatn til bæjarbúa til afar skamms tíma þó, (þekki ekki alveg hversu stór hann er en hann er aðeins til að jafna þrýsting).

2. Leggja mat á tiltækt varaafli í landshlutanum og stýringu þess við aðstæður eins og sköpuðust. Tillögur til úrbóta.

AGJ: Fjöldahjálpastöð Grindavíkur er staðsett í Hópskóla. Grindavíkurbær á 60 kW til að tengja við Hópskóla sem gengur meðan olía er til. Spurning með varaafli hjá HS orku og síðan HS veitum til að dreifa því allra mikilvægasta, rafmagni og vatni.

3. Mat á samspili kerfa við aðstæður sem þessar, t.d. hversu háð fjarskiptakerfi eru raforkukerfum.

AGJ: Allar meiriháttar stofnarnir og innviðir ættu að vera á varaafli. Fjarskiptakerfi þurfa að virka í aðstæðum þessum, Tetra, VHS o.s.frv.

4. Tillögur um aðgerðir til að efla viðbúnað og viðbragð, svo sem mannafla, tækjakost, stjórnun aðgerða, samskipti og upplýsingagjöf. Er nægilegur mannafla til staðar á þeim stöðum þar sem tæki og innviðir brugðust, og er tækjakostur fullnægjandi og aðgengilegur.

AGJ: Mikilvægt að undirbúa sig undir aðstæður sem þessar með æfingu þannig að samhæfing viðbragðaðila verði sem best. Ljóst að rafmagn er mikilvægur hluti af viðbragði við óveðri og þeim aðstæðum sem geta skapast af ýmsum ástæðum. Skilgreina þarf hvernig brugðist er við viðvarandi rafmagnsleysi og vatnsleysi. Almannaþingarnefndir þurfa að taka til skoðunar hvort mannafla innan svæða sé nægjanlegur.



5. Tillögur um aðgerðir sem styrkja innviði í byggðakjörnum og hinum dreifðu byggðum til langs tíma, svo sem fjárfestingar. Ábendingar um einstakar aðgerðir og umbótaverkefni sem nauðsynlegt er að ráðast í svo grunninnviðir séu betur í stakk búnir til að mæta slíku áhlaupi næst og samfélagslegt tjón þannig lágmarkað.

AGJ: Suðurnesjalína 2 er lykilverkefni.

6. Ábendingar um hvernig gengið hefur að koma mikilvægum framkvæmdum í gegnum leyfisveitingarferli og stjórnslu undanfarin ár, nefna t.d. raunveruleg dæmi og tímalínur. Tillögur um aðgerðir sem miða að því að stuðla að skilvirku regluverki og stjórnslu ríkis og sveitarfélaga varðandi framkvæmdir í flutnings- og dreifikerfi raforku.

AGJ: Erfiðlega hefur gengið að koma Suðurnesjalínu 2 í gegnum ferli. Reykjanesbrautin er ókláruð og Grindavíkurvegur fyrst núna að komast í ásættanlegt ástand. Setja mikilvæga innviði á skipulag, forðast það að einstaka landaeigendur eða sveitafélög geti stoppað mál sem snúa að öryggismálum. Kæru mál virðast geta tafið mikilvægar framkvæmdir í langan tíma, of langan tíma.

7. Aðrar aðgerðir sem skipta máli varðandi eflingu innviða og öryggi íbúa landsins.

AGJ: Framtíðarsýn í skipulagsmálum, þvert á sveitafélög/landshluta sem lifa af pólitískt umrót í íslensku samfélagi.



Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja rekur þrjár megin starfsstöðvar. Þær eru starfsstöð í Reykjanesbæ sem hýsir heilsugæslu og sjúkrahús, heilsugæslustöð í Grindavík og hjúkrunarheimilið Víðihlíð í Grindavík.

HSS er með viðbragðsáætlun en hún inniheldur ekki sérstök viðbrögð við náttúruvá. Ráðuneytið spyr þriggja spurninga:

Getu til að mæta atburðum sem þeim sem urðu í síðustu viku (óveður), eða öðrum náttúruhamförum.

Svar HSS: HSS telur sig í stakk búna til að mæta atburðum á borð við óveður sem geisað hafa að undanförunu. Árið 2019 var vararafstöð tekin í notkun fyrir starfsstöðina í Reykjanesbæ.

Kostnaður vegna hennar nam um 9,5 m.kr. með uppsetningu. Hún á að tryggja nauðsynlegt rafmagn ef það slær út.

Framkvæmdastjórn HSS telur ekki brýna þörf á vararafstöð á starfsstöðvum HSS í Grindavík.

Hvort stofnanirnar hafi sérstakar viðbragðsáætlanir vegna þess

Svar HSS: Stofnunin hefur ekki sérstakar viðbragðsáætlanir vegna náttúruvá. Þó gæti stofnunin þurft að leita á náðir björgunarsveita við ferjun á starfsfólki ef Reykjanesbraut verður lokað í lengri tíma. Gripið hefur verið til þess ráðs að lengja einstaka vaktir þegar Reykjanesbrautin hefur verið lokað.

Hvort það sé mat viðkomandi stofnunar að hún sé vanbúin til að takast á við framangreindar náttúruvár og ef svo er hvað þyrfti að gera til að tryggja örugga þjónustu við slíkar aðstæður, auk kostnaðarmats.

Að mati framkvæmdastjórnar HSS er stofnunin undir það búin að tryggja örugga þjónustu þegar óveður geysa, á borð við þau sem hafa verið í vetur.

Í þeim tilvikum þegar um væri að ræða ólíklegar en stórfelldar náttúruhamfarir, á borð við eldgos eða stórfellda jarðskjálfta er ekki öruggt að stofnunin geti tryggt örugga þjónustu. Eðli málsins samkvæmt er erfitt að bregðast við slíkum hættum, jafnvel þótt stofnunin hefði til þess sérstakar áætlanir.

Af þessu sögðu, þá telur framkvæmdastjórn HSS mikilvægt að skerpt verði á almennum viðbrögðum við náttúruvá, t.d. að rýmingaráætlanir verði kynntar og æfðar.



Almannavarnir Suðurnesja

Meðfylgjandi svar barst frá Almannavörnum Suðurnesja. eru svörin í þeirri röð sem spurningarnar voru frá ráðuneyti.

1. Við aðstæður sem koma upp vegna óveðurs, náttúruhamfara eða hamfara af mannavöldum er farið eftir almannavarnalögum og því viðbragðskerfi sem þar er notað. Aðgerðastjórn er mönnuð með fulltrúum allra hlutaðeigandi viðbragðsaðila.
2. Varaafl til almennings skortir með öllu á Suðurnesjum. Sú stað er einkar óheppileg ef til alvarlegra atburða kemur sem hafa áhrif á íbúa og ferðamenn. Það er eitt af forgangsverkefnum á Suðurnesjum að bæta úr þessu grafalvarlega ástandi.
3. Fjarskiptakerfi sem notað er til dæmis í almannavarnaástandi byggir á TETRA stöðvum en þær þurfa ekki aðgang að rafmagni.
4. Efla þarf viðbragðsaðila, lögreglu, slökkvilið, björgunarsveitir og Rauða krossinn ásamt öðrum sem koma að málum svo sem Heilbrigðisstofnun Suðurnesja til að takast á við verkefni sem fylgja almannavarnahættuástandi. Ætla þarf fé til þjálfunar og tækjakaupa. Sveitarstjórnir og ríkisvald þurfa að leggjast á eitt að styrkja starfsemi viðbragðsaðila.
5. Á Suðurnesjum þarf að efla verulega viðbúnað við flugslysum og gera ráð fyrir brottflutningi slasaðra á sjúkrahús í höfuðborginni og til útlanda ef alvarleg stórslys verða. Efla þarf viðbúnað HSS til þess að takast á við fjöldaslys.
6. Það er tæpast á færi undirritaðra að svara þessari spurningu. Það er þó vert að ítreka mikilvægi nýrrar Suðurnesja línu til raforkuflutnings inn á Suðurnesin. Í þessum efnum hefur lagaumhverfi reynst með þeim hætti að ekki hafa fengist leyfir til nýrrar raforkulínu. Úr því þarf að bæta.
7. Þjálfun og tækjabúnaður er grundvallaratriði til að tryggja öryggi fólks. Til þess þarf fé.

Jón Guðlaugsson

Slökkviliðsstjóri Brunavarna Suðurnesja

Ólafur Helgi Kjartansson

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum